



2. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2025 - 2026
haldinn fimmtudaginn 14. ágúst 2025
að Borgartúni 27, 2. hæð, kl. 11:45

Fundinn sátu:

Baldvin Zarióh formaður, Íris Davíðsdóttir, Íris Hrönn Guðjónsdóttir, Ármann Höskuldsson, Katrín Pálmaðóttir Þorgerðardóttir, Ragna Kemp Haraldsdóttir og Kolbeinn Hólmar Stefánsson.

Andri M. Kristjánsson, boðaði forföll.

Helga Birna Ingimundardóttir framkvæmdastjóri Fh skrifaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 3. júní 2025.
 2. Fundargerð aðalfundar 2025.
 3. Staðan HERU, fæðisfé, og samgöngustyrk/bílastæðismál.
 4. Fundir Fh, FÍN, FHA og FPR vegna stöðu á jöfnunar launa og 0,1% framlags, sjá gögn.
 5. Keldur framhald, sjá gögn.
 6. Staða námsleyfis, umsögn Fh, sjá gögn.
 7. Starfsárið 2025 – 2026, verkefni framundan og stefnumótun., dagsetning vinnufundar, sameining félaga.
 8. Staða formanns Fh með tilliti til launað starfshlutfalls, frestað frá síðasta fundi.
 9. Fulltrúi Fh í Matskerfisnefnd.
 10. Fulltrúi Fh í Starfsþróunarsjóði Félags háskólakennara, frestað frá síðasta fundi.
- Önnur mál.

1. Fundargerð, 3. júní 2025

Fundargerðin var samþykkt.

2. Fundargerð aðalfundar 2025

Fundargerðin var samþykkt.

3. Hera, fæðisfé og samgöngustyrkir/bílastæðamál

Hera: Staðan óbreytt frá fundi stjórnar í júní og engar fréttar af málinu frá því þá. Fulltrúar félagsins í samráðsnefnd um kjaramál, munu taka málið upp á næsta fundi nefndarinnar.

Fæðifé: Starfsfólk HÍ fékk formlega uppsögn á fæðisfé í lok júlí 2025 og tóku breytingarnar gildi þann 1. ágúst síðastliðinn. Breytingin felur m.a. í sér að starfsfólki stendur til boða að kaupa tilbúinn mat í Hámu á sambærilegu verði og býðst í mötuneyti Stjórnarráðsins, kr. 968. Þá verður annar tilbúinn matur og kaffidrykkir í Bóksölu stúdenta á 30% afslætti. Aðgengi starfsfólks verður auk þess aukið þar sem leitað verður til annarra veitingarekstraraðila á háskólasvæðinu.

Málið rætt í stjórn og svo virðist sem almenn ánægðja er með að afslátturinn hafi tekið gildi strax. Því var m.a. velt upp hvaða áhrif þessi breyting hefur á kjör doktorsnema, þ.e. hvort afslátturinn verði

tekinn af „overhead“ styrkja eða hvort HÍ greiði hann. Ákveðið að fá svör frá fulltrúum HÍ á næsta samráðsnefndarfundum.

Samgöngustyrkir/bílastæðamál: Samhliða breytingum á gjalddöku bílastæða er tekur gildi 18. ágúst nk. er samgöngustyrkur sem starfsfólki býðst endurbættur. Hann felur m.a. í sér að starfsfólk skuldbindur sig til að ferðast til og frá skólanum með vistvænum hætti að minnsta kosti tvisvar í viku. Þeir sem velja samkomulagið um vistvænan ferðamáta hafa aðgengi að íþróttahúsi HÍ þeim að kostnaðarlausu og strætókort að andvirði kr. 36 þús. í stað kr. 112 þús. Þá getur starfsfólk skráð tvo bílnúmer inn á skráningarsíðu sem kostar kr. 1.500 á mánuði. Málið rætt.

4. Fundir Fh, FHA, FPR og FÍN vegna jöfnunar launa og 0,1% framlags

Baldvin sagði frá stöðunni og aðdraganda 0,1% framlagsins, svokallaða. Í kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra árið 2014 var samið um að ríkið greiði inn á sérstakan biðreikning iðgjald er nemur 0,1% af heildarlaunum félagsfólks, til að stuðla að aukinni þekkingu um mannauðsmál og að styrkja stöðu þeirra sem starfa í umboði stéttarfélaganna. Öll önnur stéttarfélög innan BHM sömdu í kjarasamningum þeirra um sambærilegt framlag, á þessum tíma. BHM hefur frá upphafi haldið utan um þennan biðreikning og hluti fjáris verið notaður til ýmissa hagfræðiverkefna.

Í kjarasamningum árið 2023 samdi Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga við ríkið um að umrætt iðgjald fari inn á sérstakan reikning í umsjá félagsins. Önnur stéttarfélög innan BHM og þar á meðal Félag háskólakennara samdi við fjármálaráðherra árið 2024 um sambærilega grein í kjarasamningum. Því hafa safnast umtalsverðar fjárhæðir inn á sérstakan reikning félagsins vegna þessarar breytingar.

Á vormánuðum 2025 hófu stéttarfélögin Félag íslenskra náttúrufræðinga, Félag prófessora við ríkisháskóla, Félag háskólakennara á Akureyri og Félag háskólakennara um samtal um sameiginlega nýtingu fjárens. Félagin eiga margt sameiginlegt þegar kemur að kjaramálum félagsfólks þeirra, hagrænum upplýsingum og tölfræði. Inn í þessa umræðu blandast einnig sameiginlegt baráttumál félaganna um svokallaða 7. grein, um jöfnun launa milli markaða, vegna breytingu á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna árið 2016.

Á meðal fundargagna eru drög að samstarfssamningi félaganna fjögurra, um stofnun og rekstur sérstaks sjóðs sem heitir: „Greiningarsjóður háskólafélaganna“. Samstarfssamningurinn rammur inn tilgang félagsins, starfshætti og fjármögnun sjóðsins. Í júlí sl. hafði stjórnarfélagi verið send fyrstu drög samningsins og eftir athugasemdir og umræðu höfu drögin verið endurbætt.

Tilgangi sjóðsins er lýst í fyrsta tölulið og orðast svo:

„Tilgangur félagsins (Greiningarsjóður háskólafélaganna) er að stuðla að, skipuleggja og fjármagna sameiginlega verkefni sem snúa að kjaragreiningu til hagsbóta fyrir félagsfólks stéttarfélaganna sem standa að félaginu. Þá vinnur félagið jafnframt að kynningarmálum og hagsmunagæslu í sama skyni. Til þess að ná fram markmiðum félagsins vinna stéttarfélögin að uppbyggingu sérstaks félagssjóðs innan félagsins til fjármögnunar verkefna þess. Verkefnin eru meðal annars:

- a. Greiningar á kjörum og högum háskólamenntaðra sérfræðinga og akademískra starfsmanna.*
- b. Ráðning starfsmanns og/eða gerð samninga við þjónustuaðila eða verktaka.*
- c. Hagfræðilegar greiningar og töluleg undirstöðuverkefni.*
- d. Útgáfa og upplýsingamiðlun.*

Verkefni skulu skilgreind af stjórn félagsins og unnin í samráði við stéttarfélögin og starfsfólk þeirra eftir atvikum.

Aðsetur Greiningarsjóðs háskólafélaganna er að Borgartúni 27, 105 Reykjavík og varnarþing félagsins er í Reykjavík. „

Málið rætt. Því var m.a. velt upp hvort hætta er á því að sú staða gæti komið upp að $\frac{3}{4}$ formanna stjórnarinnar verði akademískir. Þá var rætt um grein 4, um „Úrsögn og slit félagsins“, hvort greinin væri nægilega skýr orðuð, ef til þess kemur að eitthvert félaganna vilji draga sig út úr þessum samningi og endurgreiðslu. Baldvin sagði að skv. gr. 4.2 samningsins eigi eftir að útfæra ýmis mál í samþykktum félagsins.

Almennt er stjórnarfolk sátt við þessa vinnu og drög samningsins og telur hann taka á þeim þáttum er skipta máli í þessu sambandi. Miklu máli skiptir að koma þessari vinnu af stað fljótt og ekki síst í ljósi þess að vinna við 7. greina vinnuna, fer af stað í haust.

Samþykkt var að formaður fengi umboð til að halda áfram með málið og klára samstarfssamning félaganna fjögurra.

5. Keldur, framhald

Baldvin sagði frá málinu. Yfirstjórn Keldna heldur fast við túlkun sína á greiðslu vinnumats við starfslok félagsmanns, eftir að lögmaður BHM sendi erindi um að stofnunin endurskoði afstöðu sína m.t.t. áralangs verklags.

Formaður kallaði eftir umboði stjórnar um að halda málinu áfram í samvinnu við lögmann BHM, sem gæti þýtt að málið færi fyrir dómstóla. Umboðið var veitt og allt stjórnarfolk sammála um að fara eins langt með málið og þurfa þykir.

6. Námsleyfi

Baldvin upplýsti stjórnarfolk um umsögn félagsins dags. 19. júní 2025 um tillögu er varðar endurskoðun á verklagsreglu Háskóla Íslands um námsleyfi. Staðan er að öðru leyti óbreytt.

7. Starfsárið 2025 – 2026 og verkefni framundan

Baldvin sagði frá fundi sem hann átti með formönnum FHA og FPR um sameiningarmál félaganna. Rætt var m.a. um þá hugmynd að skipa 2 – 3 manna nefnd frá félögunum þremur er hafi það verkefni að skoða málið frá öllum hliðum.

Ákveðið var að Baldvin, Ragna og Katrín verði fulltrúar félagsins í þessari nefnd. Rætt var um að félagið mæti ávallt fullskipað á vinnufundi nefndarinnar og kalli þá til annað stjórnarfolk ef þurfa þykir.

Baldvin lagði til að fresta ákvörðun um dagsetningu vinnufundar stjórnar til næsta fundar. Það var samþykkt.

8. Launað starfshlufall formanns Fh

Ákveðið var að fresta umræðunni til sérstaks vinnufundar stjórnar.

9. Fulltrúi Fh í Matskerfisnefnd opinberu háskólanna

Ákveðið var að Ragna, verði fulltrúi félagsins í Matskerfisnefnd opinberu háskólanna.

10. Fulltrúi Fh í Starfsþróunarsjóði Félags háskólakennara

Ákveðið var að Katrín verði fulltrúi félagsins í stjórn Starfsþróunarsjóðs Félags háskólakennara.

Fundi lauk kl. 13:30. Næsti fundur ákveðinn 4. september 2025.